

Fjallabyggð



ÚTBOÐ

Ræsting Leikskóli Fjallabyggðar, Leikhólar Ólafsfirði

Fjallabyggð óskar eftir verðtilboðum í reglulega ræstingu og sumarhreingerningu í Leikskóla Fjallabyggðar í Ólafsfirði, Leikhóla samkvæmt útboðslýsingu.

Heildarfjöldi fermetra í útboðinu er 379,2 m².

Reiknað er með að ræsting á grundvelli útboðsins hefjist þann 12. ágúst 2024 og að gerður verði verksamningur um verkið til þriggja ára, eða til 11. ágúst 2027, með möguleika á framlengingu tvisvar sinnum um eitt ár.

Vettvangsskoðun: mánudagur **8. júlí 2024 kl. 15:00**
Opnunartími tilboða: Mánudagur 15. júlí 2024 kl. 14:00
Opnunarstaður tilboða: Ráðhús Fjallabyggðar, 2. hæð
Gránugötu 24, 580 Siglufirði.

Útboðsgögn verða afhent rafrænt og þarf ósk um það að berast á netfangið **rikey@fjallabyggd.is**.

Tilboðum og tilskildum gögnum skal skilað með rafrænum hætti á netfangið **fjallabyggd@fjallabyggd.is fyrir kl. 14:00 mánudaginn 15. júlí 2024**.

Verðtilboð skal auðkennt svo:

- „FJAL-2024-4: Útboð: Ræsting fyrir Leikskóla Fjallabyggðar. Leikhólar Ólafsfirði“

Útboðið er auglýst á <http://www.utbodsvefur.is/>

Allar nánari upplýsingar veitir Ríkey Sigurbjörnsdóttir.
Netfang: rikey@fjallabyggd.is, Sími: 464 9100